



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Forseti Íslands afhendir Hvatningu til ungra Íslendinga á Þórshöfn

Á fjölskyldusamkomu í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 11. september afhenti forseti Íslands fimm ungmennum úr Norður-Þingeyjarsýslu viðurkenningarskjölin „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.“ Þau voru þessi:

Bryndís Þórðardóttir 13 ára, Þórshöfn. Hún er áhugasöm og víðlesin, á gott með að flytja og rita texta og henni lætur vel að koma fram.

Einar Guðmundur Þorláksson 18 ára, Svalbarði. Hann hefur sýnt fágætan dugnað og mikla staðfestu, einbeittan vilja og ríka ábyrgðarkennd.

Karítas Ósk Agnarsdóttir 11 ára, Þórshöfn. Hún er góður nemandi, jákvæð og bjartsýn, vel máli farin, listhneigð og virk í félagslífi skólans.

Magnús Þorláksson, 15 ára, Svalbarði í Þistilfirði. Hann hefur sýnt að hann þroskaður og fjölhæfur námsmaður og hefur sérstaklega til að bera frábæra hæfileika á sviði stærðfræði.

Ólöf Sæmundsdóttir 16 ára, Þórshöfn. Hún er dugleg og vinnusöm, jákvæð og bjartsýn, og hefur sýnt ríkan félagslegan þroska.